

# STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1994

2. mars 1994

249

Nr. 91

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 594, 9. desember 1991:

Gjaldskráin hækkar sem hér segir:

1. Notendagjöld:

Orkugjald .....	kr.	28,37 pr. m <sup>3</sup>
Mælagjald .....	kr.	10,19 pr. dag
Lokunargjald .....	kr.	1.948,00

2. Tengigjöld:

Lágmarksgjald miðað við 400 m<sup>3</sup> ... kr. 96.428,00

Gjald fyrir hús umfram 400 m<sup>3</sup> ..... kr. 121,27 pr. m<sup>3</sup>

Gjaldskrá þessi miðast við BVT 01.01.94 sem er 195,5 stig og er óbreytt að öðru leyti en að ofan greinir.

*Iðnaðarráðuneytið, 2. mars 1994.*

F. h. r.

**Porkell Helgason.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Bjarman.*

28. febrúar 1994

Nr. 92

## REGLUGERÐ

### um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiða eiga þeir bátar, sem leyfi fengu á vertíð 1991 samkvæmt reglugerð nr. 474, 2. desember 1990. Óheimilt er að veita grásleppuleyfi til báta, sem eru stærri en 12 brl., hafi þeir ekki stundað veiðar á grásleppu árið á undan. Heimilt er að binda útgáfu leyfa til grásleppuveiða þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar og skil vegna greiðslumiðlunar.

B 19

Steindórsprent Gutenberg hf.

## 3. gr.

Flutningur grásleppuleyfis milli báta er bundinn eftirfarandi skilyrðum: a) að bátur, sem leyfi er flutt frá, hafi haft það í a.m.k. eina vertíð, b) að bátur, sem grásleppuleyfi er flutt á, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni og c) að hinn nýi bátur sé ekki meira en 10 rúmmetrum stærri en sá bátur, sem veiðileyfið er flutt frá.

## 4. gr.

Selji aðili, sem kost átti á leyfi skv. reglugerð nr. 474/1990, bát sinn fylgir leyfið bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi. Hafi seljandi báts, með grásleppuleyfi, tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuleyfið fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur seljandinn heimild til að flytja leyfið á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni og sé innan stærðarmarka sbr. 2. og 3. gr. Nýti seljandi ekki þessa heimild næstu tvær vertíðar frá sölu bátsins fellur leyfið niður.

## 5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðar þann bát, sem tilgreindur er í veiðileyfi. Ekki er heimilt að stunda á sama tíma veiðar á grásleppu og netaveiðar á þorskfiski.

## 6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

- A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.
- B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtögum, er veiðitímabilið 10. apríl - 20. júlí.  
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 5. maí - 5. ágúst.
- C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtögum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 10. apríl - 20. júlí.
- D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl - 1. júlí.
- E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.
- F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.
- G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, er veiðitímabilið 20. mars - 1. júlí.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr. úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum sbr. 8. gr. eftir 30. júní ár hvert.

## 7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

## 8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm). Við ákvörðun á hvort um grásleppunet eða rauðmaganet er að ræða teljast öll net grásleppunet, sem eru með stærri möskva en 8,5 þumlungar (216 mm). Óheimilt er að nota til rauðmagaveiða net með minna en 7 þumlunga möskva.

## 9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur eigi netið.

## 10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar.

## 11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

## 12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

## 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 6, 12. janúar 1993, ásamt síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Árni Kolbeinsson.*